


## FRÉTTAÞÍP



Fréttarit Félags þípulagningameistara

Nr. 6 - NÓVEMBER 2016

## Fúskarar eru komnir á kreik

## – Skortur á faglærum iðnaðarmönnum ört vaxandi vandamál

Það eru gömul sannindi og ný, að þegar hjól byggingariðnaðarins fara á fullt, þá fylgja því ýmsar aukaverkanir. Verstu aukaverkanirnar eru þegar fúskararnir fara á kreik. Þeir eru snöggir að taka við sér þegar skortur verður á faglærdum iðnaðarmönnum. Þeir stofna einfaldlega fyrirtæki með „sennilegri nafngift“, sem hljómar trúverðuglega og lítur vel út í auglýsingum. Sumir fúskaranna notast meira að segja við fagheiti lögverndaðra iðngreina til að byggja undir blekkingarnar. Grunlaus almenningur sér svo auglýsingarnar og falast eftir þjónustu þessara fúskara. Oft er um að ræða umfangsmikil verkefni, þar sem fúskarinn fer fram á dágóða innborgun á verkið.

Viðskilnaður fúskaranna er oft mjög slæmur. Verkin illa unnin og án allrar faglegrar ábyrgðar. Eftir situr neytandinn með sárt ennið. Og hvert snúa neytendur sér? Jú, oftar en ekki hringja þeir í meistarafélög í viðkomandi iðngreinum.

– Sjá frambald greinar á bls. 3



Neminn og þjálfarinn í æfingaaðstöðunni. Hér eru þeir Reynir Óskarsson, núverandi Íslandsmeistari í þípulögnum og þjálfari Reynis, Böðvar Ingi Guðbjartsson, þípulagningameistari.

## FP sendir keppanda á EuroSkills 2016 í Gautaborg

Í byrjun árs 2016 var tekin sú ákvörðun að Félag Þípulagningameistara tæki þátt í EuroSkills Evrópumótinu í þípulögnum sem fram fer í Gautaborg í Svíþjóð dagana 1. til 3. desember n.k. Í framhaldi af þeirri ákvörðun hófst mikill undirbúningur fyrir keppnina.

Í lögum Félags Þípulagningameistara, 3. gr., kemur m.a. fram að félagið skuli „studla að menningu og menntun stéttarinnar“.

Þátttaka í EuroSkills er góður liður í því, meðal annars til að kynna fagið. Félag Þípulagningameistara er aðili að Verkið, sem eru samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum á Íslandi,

– Sjá frambald greinarinnar á bls. 2

**Nú er rétti tíminn til að skreppa í sólina** – sjá bls. 7

## Þípulagningameistari – handverksmaður

Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu mikið er að gera hjá iðnaðarmönnum í dag. Það vitum við sem vinnum við iðn og það vita þeir sem kaupa þjónustu af okkur þessa dagana. Á þessum tímum vill það gleymast að það þarf að standa vörð um iðngreinina þó allir hafi nóg að gera.

Nú er það meginmarkmið Félags þípulagningameistara að standa vörð um okkar grein og við erum að vinna að því allt árið hvort sem atvinnuástandið er gott eða slæmt. Ef við gleymum okkur núna þá bitur það okkur þegar um hægist.



Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags þípulagningameistara.

Og hvað erum við að gera? Jú við höfum nokkur vopn en því miður er ekki sektar- eða refsiramma í iðnaðarlöggjöf-inni, en þó liggja fyrir dómafordæmi og sektir við vinnu án réttinda og er það ein leið í réttindabaráttu okkar að fara dómstólaleiðina. Jafnframt höfum við verið í sambandi við Neytendastofu varðandi mál því hún hefur sterk úrræði gagnvart fyrirtækjum sem selja þjónustu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi.

– Sjá frambald greinarinnar á bls. 2



## Morgunkaffi og með því alla föstudaga

Við bjóðum alla fagmenn velkomna í rjúkandi heitt kaffi, gómsætt meðlæti og létt spjall við sölumenn okkar.

## Alla föstudaga í eftirtöldum verslunum:

kl. 8:30-10:00 í Húsasmiðjunni Skútuvogi (málarar og píparar) Grafarholti & Hafnarfirði.

kl. 9:00-10:30 í Húsasmiðjunni Selfossi, Borgarnesi, Vestmannaeyjum Akureyri.



# FP sendir keppanda á EuroSkills 2016 í Gautaborg

– Frambald greinar af forsiðu

sem og erlendis, á mótum eins og EuroSkills og WorldSkills. Fyrrum formaður Félags Pípulagningameistara Skarphéðinn Skarphéðinsson var frumkvöðull í því að koma Félagi Pípulagningameistara í þessi samtök og hefur það haft góð áhrif fyrir fagið og stuðlað að faglegum metnaði og verið hvatning fyrir marga til að læra pípulagnir.

Árið 2007 eignuðumst við Íslendingar Norðurlandameistara í pípulögnum, þegar Árni Már Heimisson bar sigur úr í bitum í keppninni, sem fram fór í Málmei í Svíþjóð.

Reynir Óskarsson Íslandsmeistari fer til Svíþjóðar Þegar ákvörðun hafði verið tekin um að taka þátt í EuroSkills var haft samband við ríkjandi Íslandsmeistara í pípulögnum, Reyni Óskarsson. Hann var til í að leggja okkur lið og taka þátt í EuroSkills 2016 sem fram fer í Gautaborg í Svíþjóð núna í desember.

## VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA



**Vatnshitablásarar**

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrörum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlátir

**SABIANA**



**VARMA & VÉLAVERK EHF.**  
Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071  
vov@vov.is www.vov.is



**DVGW product**

**DVGW CERT**  
CEN EN ISO 15875-3  
CEN EN ISO 15875-5

**PEX-A**

**Jentro**

Allur fittings úr kopar – PEX-A & Stabíl rör!

## JENTRO pressfittings



**VATNSVIRKINN**  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

Smíðjuvegi 11 - 200 Kópavogur  
Sími 510 1400 - Fax 510 1499 - www.vatnsvirkinn.is

Reynir Óskarsson varð Íslandsmeistari í pípulögnum árið 2014 á Íslandsmóti iðn- og verkgreina, sem fram fór í Kórnum í Kópavogi. Undirritaður, sem á sæti í stjórn Félags pípulagningameistara tók að sér að þjálfra Reyni fyrir keppnina í Svíþjóð.

Reynir er uppallinn í Þykkvabænum og því sveitastrákur sem kann vel til verka. Hann er afar duglegur og á mjög auðvelt með að samhæfa hug og hönd, sem oft einkennir góðan fagmann, ásamt því að hafa gott verkvit. Hann verður án efa góður fulltrúi okkar í keppninni. Reynir er á námssamningi hjá Kára Samúelssyni sem rekur fyrirtækið Pípulagnir Samúels og Kára ehf. Kári, meistari Reynis, tók eftir honum á Íslandsmótinu í Kórnum 2014 og bauð honum í framhaldi að koma á námssamning hjá sér.

Pípulagnir Samúels og Kára leggja til æfingaaðstöðu Undirbúningur fyrir keppnina hefur verið á góðu róli. Reynir hefur verið mjög



Reynir Óskarsson, Íslandsmeistari í pípulögnum og keppandi á EuroSkills í Gautaborg í Svíþjóð 1. til 3. desember n.k. Honum á vinstri hönd eru Samúel V. Jónsson, pípulagningameistari og sonur hans, Kári Samúelsson sem er meistari Reynis. Saman reka feðgarnir fyrirtækið Pípulagnir Samúels & Kára, þar sem Reynir er á nemasamningi. Þeir komu raunarlega að undirbúningi fyrir keppnina á EuroSkills með því að leggja til myndarlega æfingaaðstöðu í húsnæði fyrirtækisins í Skútabrauni 17a í Hafnarfirði.

## Pípulagningameistari - handverksmaður

Frambald greinar af forsiðu...

Við erum með inni á borði hjá okkur ábendingar um fyrirtæki sem starfa innan geirans og erum við að vinna í þeim, en því miður hefur til dæmis í einu tilviki pípulagningameistari stokkið til og leppað fyrirtæki og er það erfitt við að eiga þegar menn sjá auragróða langt fram yfir fagmennsku. Kannski er það síðan lykkillinn að hagsmunagæslunni, neytendaverndinni, sem meistarakerfið er – fagmennska. Það er jú ekki bara okkar félagsins að standa vörð um okkar góðu grein, það er ekki síður félagsmanna okkar og allra sem starfa innan iðngeirans sem meistarar. Pípulagningameistari er nefnilega ráðinn í verkið í þeirri trú að hann sé lærdur um efnisval, úrlausn og faglegan frágang. Því er það okkar allra hugar að við vöndum til verka – alltaf, og sýnum af okkur gott handverk. Handverk er nefnilega orð sem heyrir of sjaldan núorðið, hér í denn voru iðnaðarmenn flottir handverksmenn, skiluðu af sér flottum verkum og hlutu virðingu fyrir. Það að skila af sér flottu handverki gerir nefnilega svo marga og nær til svo margra þátta. Að skila af sér góðu handverki þýðir að verkið er traust, rétt efnisval hefur farið fram, sem er svo mikilvægt nú í allri þessari efnisflöru sem til er. Að verkinu hafi verið skilað af fagmanni sem segir að þetta muni endast húsíð.

Með flottu handverki skapast traust við iðnaðarmanninn, að þetta sé ekki gert með hangandi hendi og að það sé ásættanlegt af því að þetta sé jú bara iðnaðarmaður. Flott handverk skapar virðingu fyrir iðnstéttinni sem skilar síðan flottum einstaklingum í nám og á samning því það er margsannað að á endanum hafa foreldrar mest að segja um það hvert barnið leitar eftir grunnskóla og þegar virðingu nýtur ekki við þá er ekki verið að vísa veginn til iðnmenntunar. Gott handverk gerir það að verkum að fólk leitar eftir því að ráða góðan iðnmeistara til verksins því það borgar sig. Að vera góður handverksmaður er dyggð. Snúum aftur til þess að gera okkar besta – alltaf.

Guðmundur Páll Ólafsson,  
formaður Félags pípulagningameistara.



samviskusamur við að æfa sig. Kári bauð Reyni að koma upp aðstöðu á verkstæðinu hjá sér, sem hefur reynst mjög vel við æfingar. Við hittumst vikulega til að fara yfir nokkur atriði er varðar keppnina sjálfa, ásamt því að æfa þau atriði sem keppt verður í. Við fengum Ólaf Bjarna Bjarnason kennara til liðs við okkur, en hann fer yfir reikniformúlurnar sem við notum til þess að átta okkur á beygjuradius, gráðum, pýþagóras og fleiri formúlum. Reynir þarf að kunna skil á slíku þar sem mikið verður um beygingar í keppninni og þá verður nauðsynlegt að kunna góð skil á stærðfræðinni. Keppnin fer fram 1. til 3. desember næst komandi. Þegar þetta er skrifað erum við nýbúinir að senda verkfærin út. Undirritaður fer utan tveimur dögum á undan keppandanum og breytist þá úr þjálfara í dómara. Allir þeir sem eru að þjálfa sína fulltrúa taka að sér dómgæslu í keppninni sjálfri. Þeir verða þrír og þrír saman og munu þurfa að dæma eftir reglum keppninnar. Kosturinn við keppnina í ár er sá að keppnin verður haldin á hótelineu sem gist er á þannig að það þarf ekki að ferðast á milli staða.

Keppendur keppa frá klukkan 9:00 – 17:00 í tvo daga en þriðja daginn frá klukkan 9:00 – 14:00. Keppendur mega ekki hafa með sér síma meðan á keppni stendur. Það er einnig bannað að trufla þá. Það er mjög mikilvægt að þeir nái að halda einbeitingu allan tímann. Ekki má notast við laser til að mæla út frá.

Keppanda er heimilt að hitta þjálfarann sinn á morgnana í 30 mínútur áður en keppnisdagurinn hefst, til að fara yfir þau atriði sem þarf að skerpa á og aftur eftir að keppni líkur hvern dag.

### BYKO helsti styrktaraðili FP í keppninni

Félag Pípulagningameistara stendur að keppninni í pípulögnum en Félag iðn- og tæknigreina fyrir hönd keppandans. Helsti styrktaraðili okkar er BYKO. Fyrirtækið hefur styrkt okkur með lagnaefni til æfinga, fatnað á keppandann sem er sérmerktur og fleira. Félag pípulagningameistara kann BYKO bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Ísland mun senda sjö fulltrúa í keppnina í ár úr sjö iðngreinum og búast má við mikilli vinnu framundan. Það er gaman að segja frá því að fulltrúi okkar í pípulögnum er ekki að fara í „skemmtiferð“ heldur er hann að fara að keppa og er óhætt að segja að hann búi yfir miklu keppnisskapi



Myndirnar að ofan eru frá keppni pípulagninganema á Íslandsmótinu sem haldið var í Kórnum 2014.

enda æfir hann knattspyrnu í 3. flokki. Hann er því í góðu formi andlega og líkamlega.

Fulltrúar frá Verkiðn hafa verið duglegir að þjappa hópnum saman til að láta keppendur okkar kynna áður en í keppnina verður haldið. Við vonum það besta og hlökkum mikið til og vonandi munum við uppskera góðan árangur. Félag pípulagningameistara óskar öllum keppendum sjó velfarnaðar í keppninni.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson,  
varaformaður Félags pípulagningameistara  
og kennari við Pípuedeild Tækniskólans.*

PS. Svona í blálokin skal þess getið að Böðvar mun einnig taka þátt í störfum dómara við EuroSkills keppnina í Svíþjóð fyrir Íslands hönd.

## Íðnmenntuðum konum fjölgar

Við sögðum frá merktum áfanga í sögu Félags pípulagningameistara í ágústtölublaði Fréttapíps, þegar fyrsta konan, Svanbjörg Vilbergsdóttir gekk í félagið. Það er skammt stórra hoggja á milli hjá Svanbjörgu, því nú er hún, ásamt Guðnýju Helgu Grímsdóttur, sem er smiður, að huga að stofnun félags kvenna sem lært hafa svokallaðar karllægar iðngreinar. Full ástæða er til að hvetja þær stóllur til dáða og óska þeim alls hins besta í stofnun félagsins.

Birgir Hólm, verkefnisstjóri hjá Íðunni, tók saman fjölda útskrifaðra kvenna í eftirtöldum iðngreinum frá 2005 (bílgreinum frá 2007): Blikksmiði 4, netagerð 2, rennismiði 6, söðlasmíði 4, vélvirkjun 13, bílamálun 5, bifvélavirkjun 13, bifreiðasmíði 1 og byggingagreinar +40. Dálaglegur hópur þar á ferð og óhætt að hvetja konur enn frekar til dáða varðandi iðnnám.

## Fúskarar eru komnir á kreik

*Frambald greinar af forsíðu.*

### Mörg símtöl til félagsins

Félag pípulagningameistara fær mörg símtöl vegna slíkra mála þar sem allt er komið í óefni. Oft er lítið hægt að gera, viðkomandi fúskari kominn í þrot með kennitöluna og engar bætur að hafa. Stundum tekst þó að stöðva viðkomandi fúskara ef nógu fljótt er gripið til aðgerða.

Félag pípulagningameistara hefur ávallt lagt mikla áherslu á að berjast fyrir réttindum félagsmanna sína. Sú réttindagæsla hefur verið heldur þung fyrir fæti þar til á allra síðustu misserum. Nú virðast hagsmunaaðilar vera að vakna til vitundar um nauðsyn þess að grípa til aðgerða. Vonandi er verið að draga lærdóm af árunum fyrir hrun hvað þetta varðar.

Félag pípulagningameistara kærir Nýlega lagði Félag pípulagningameistara fram kærur á hendur tveggja fyrirtækja sem

hafa starfað við pípulagnir í blóra við lög. Hjá fyrirtækjunum hafa ófaglærðir gengið í störf pípulagningameistara. Krefst félagið þess að sett verði lögbann á starfsemi þessara fyrirtækja. Fyrirtæki sem starfa við pípulagnir án forstöðu löggilts pípulagningameistara eru klárlega að brjóta lög, hreinlega að fremja vörusvik. Þessa dagana er verið að skoða starfsemi fleiri fyrirtækja þetta varðandi, þar sem grunur er um brotastarfsemi í löggildingarmálum.

Ásamt þessum aðgerðum hefur verið lögð áhersla á að fylgjast með gangi mála hjá þeim starfsmannaleigum sem útvega iðnaðarmenn, t.d. frá Litháen. Réttindi þessara einstaklinga eru til skoðunar.

Það er ljóst að stjórn Félags pípulagningameistara mun ganga fram af fullum þunga og leita allra leiða í því að stöðva starfsemi þeirra fyrirtækja sem starfa við pípulagnir og ekki uppfylla skilyrði laga um löggildinu iðnmeistara.



## KESSEL EASY CLEAN FITUSKILJUR

- Sérstyrktar til að standa á gólfi.
- Hægt að fá í mörgum mismunandi útfærslum.
- Vandaður stjórnbúnaður.
- Áralöng reynsla.



Tengi • Kópavogi • Akureyri • [www.tengi.is](http://www.tengi.is)

# Tryggjum meistarafagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði



Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
kromoghvitt@simnet.is



Pípulagnir S: 893 9110  
Bæjarflöt 8a - 112 Reykjavík  
GSM: 893 9110 - lisamaria@btnet.is



**S.O.S.**  
laagnir ehf.

S.Ó.S. lagnir ehf.  
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík  
GSM 693 9000 - sos@soslag्नir.is



Pípulagnir Samúels & Kára  
Skútahrauni 15a - 220 Hafnarfiði  
GSM: 89203512 & 897 5860  
www.psk@psk.is



SHV Pípulagnir ehf.  
Funafold 54 - 112 Reykjavík  
Sími: 587 8715  
GSM: 821 1040  
shv.pipulagnir@internet.is



GG LAGNIR ehf.  
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA  
stofnað 1988  
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870  
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
GSM 856 5525



Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar  
Sími 481 1475 - midstodin@midstodin.is



Pípulagnir ehf

pípulagnaþjónusta  
skipaþjónusta

Ósabakki 13 109 Reykjavík GSM 898 1870  
netfang stefanbr@simnet.is



pípulagnir • sími 696 8054

Akralind 1 - 201 Kópavogur  
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is



Pípulagningaverktaki

Bolafæti 9 - 260 Reykjanesbæ  
GSM 842 6000 - bennipip@simnet.is



MAGNÚS A. MAGNÚSSON  
PÍPULAGNINGAMEISTARI

Flæði pípulagnir ehf.  
Svæði - 620 Dalvík  
466 1401 / 898 5524  
maggisvaedi@simnet.is



PÍPULAGNIR  
Fagmennska - Færni - Frumkvæði



PÍPULAGNIR ehf.

Dalatangi 10 - 270 Mostellsbær  
GSM: 893 1404 - pipo@simnet.is



Pípulagnaþjónusta

Bergási 12 - 260 Reykjanesbæ  
GSM: 698 6309 - neslag्नir@internet.is



RÖRLEGGJARINN ehf.

Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík  
GSM 820 9396 - rorleggjarnn@gmail.com



Presslag्नir ehf.  
Funafold 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslag्नir@simnet.is



Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585  
Sigurdur.pipari@gmail.com



Jón Auðunn Sigurjónsson  
pípulagningameistari  
Auðnukór 3 - 203 Kópavogur  
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is



AH pípulagnir ehf.

Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ  
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100  
andres@pipulagnir.is



Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík  
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is

Pípulagnir

Elvars G Kristinssonar ehf.

Jöklafold 2 - 112 Reykjavík  
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is



Húsalagnir ehf.  
Pípulagnaþjónusta  
Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík  
GSM 893 3632  
husalagnir@simnet.is



Brekkutröð 3 - 220 Hafnarfirði  
GSM 892 3639 - snittvelin@simnet.is

Tíma- og v...

- >> Einfalt í notk...
- >> Lægri rekstr...
- >> Tenging við...

LAGNALAGERINN ER EINGÖNGU FYRIR FAGMENN!

## STOÐ OG STYTTA H

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni
- Hjólappallar, einfaldir og tvöfaldir
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

STOÐ pallaleiga ehf. - Tunguáls 17 - 110 Reykjavík - Sími 571 0600 - Fax



# Tryggjum meistarafagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði



**Árni Friðbjarnason ehf.**  
Pípulagningameistari  
Smiðjuvegi 4 - 200 Kópavogi  
GSM. 893 0938  
arnijulli@simnet.is



**Pípulagnir Sigurðar**  
Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum  
GSM: 618 4790 - siggalagnir@gmail.com



Fluguvöllum 52 - 230 Reykjanesbæ  
Sími 420 0300  
www.osn.is - osn@osn.is

**O.S.N. EHF**

Álfkonuhvarfi 23  
203 Kópavogi



GSM 899 6862  
vatnsvirkjar@gmail.com

**VATNSVIRKJAR ehf**  
LÖGGILTIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR



**Hilmir B ehf**

LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI

820-3722

hilmirb@simnet.is

Brekkubraut 14- 300 Akranesi

**Bragi Benediktsson ehf.**

pípulagnir

Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur  
GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com

**LAGNAVIRKI EHF.**

Strandgata 73b - 220 Hafnarfjörður  
GSM 896 2017 - villipipari@simnet.is



**JÓ Lagnir**

Smiðjuvegur 11 - 200 Kópavogur  
GSM 897 4300 & 894 3450  
jolagnir@simnet.is

**HSH VERKTAKAR ehf.**

Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri  
GSM: 896 3257 - hallihelga@simnet.is

**vatnsidnadur.net**



- GAGNAGRUNNUR

- ÞEKKING - SAGA

Viðbó í heimasíðu og léttir komu ykkur á óvart

**JM pípulagnir ehf.**

Maltakur 3A - 210 Garðabær  
GSM. 898 0851 - groakors@simnet.is

## Verkskráningarkerfi

þun - sparar tíma  
Lágkostnaður - aukin yfirsýn  
Launa- og verkþókhaldskerfi

Þringdu í síma 5 100 600 eða sendu okkur póst á  
timon@trackwell.is og fáðu tilboð í þinn rekstur.

TrackWell

**Tímon**



Þar sem tvær lagnir koma saman  
þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunnna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunnna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH: Hægt er að fá upphækkningar á alla brunnna.

Fást í byggingavörverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnnum.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

**sæplast**  
HLUTI AF RPC GROUP

© Sæplast er skilfest vörumerki í eigu RPC GROUP



**aquatherm**  
TRAUST VÖRUMERKI  
Í PP-R LAGNAEFNI

**LAGNA LAGERINN**

Lagnalagerinn ehf. - Fosshálsi 27 - 110 Reykjavík  
Sí: 567 7000 - lagnalagerinn@lagnalagerinn.is

## ÞÚSBYGGJENDA

• Kerfisþallar  
• Víralyftur

Það er  
yóar hagar  
að skipta við  
fagmenn!

**STOÐ  
PALLALEIGA**

587 5110 - www.pallaleiga.is - Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

## Við bjóðum upp á nýja lausn

Erum með sérhannaða vél  
sem býr til rásir í flest öll steingólf  
á mjög stuttum tíma.

Gólfhitinn er síðan lagður í raufarnar  
þannig að ekki þarf að hækka gólfíð  
frá því sem áður var.

- Lágmarks rask og ryk • Styttri verkþími • Losnar við ofna og færð aukid pláss
- Ekki þarf að hækka gólf og saga neðan af innihurðum • Jafnari hiti & hitadreifing

**GÓLFHITA  
LAGNIR EHF**  
Sími 571 3700

www.golfhitalagnir.is • golfhitalagnir@golfhitalagnir.is





# Fyrsta iðnnemakeppnin var haldin árið 2002

Það er á engan hallað þegar sagt er að dugnaður og harðfýgni Skarphéðins Skarphéðinssonar, fyrrum formanns Félags pípulagningameistara, leiddi til þess að Ísland komst á kortið erlendis með þátttöku félagsins í WorldSkills nemakeppnunum. Hann var maðurinn sem ruddi brautina. Fyrsta iðnnemakeppnin sem haldin var hérlendis var í Borgarholtsskóla árið 2002.

Nú er búið að stofna sérstakt félag, undir heitinu Verkið (sjá [www.verkidn.is](http://www.verkidn.is)) sem heldur utan um keppnirnar, bæði hér heima og erlendis. Síðast var iðnnemakeppnin haldin í Kórnum árið 2014 og sló öll met í aðsókn, en talið er að um þrettánþúsund manns hafi komið í Kórinn meðan á keppni stóð.

Það var árið 2007 sem Ísland gerðist formlegur aðili að WorldSkills International. Verkið er svo stofnað í nóvember 2010 og hefur síðan haldið utan um nemakeppnirnar, innanlands og utan.

Ísland hefur á undanförunum árum tekið tvisvar þátt í WorldSkills og einu sinni tekið þátt í EuroSkills.

Árið 2007 sendu Félag pípulagningameistara og Sveinafélag pípulagningamanna Árna Má Heimisson til að keppa á Norðurlandamóti nema sem haldið var í Málmei í Svíþjóð. Árni Már gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari með pompi og prakt. Seinna sama á var lagt í það stórvirki að senda Árna Má á WorldSkills í Japan.



Að ofan: Helgi Páls frá Sveinafélagi pípulagningamanna fræðir og upplýsir á mótinu í Kórnum 2014. T.h. eru Þór Pálsson, hjá Verkið og Guðmundur Páll, formaður Félags pípulagningameistara, kampakátir með vel beppnað Íslandsmót iðn- og verkgreina í Kórnum 2014.



## Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning 2017

Verkið mun halda Íslandsmót iðn- og verkgreina í Laugardalshöll, dagana 16. til 18. mars 2017. Framhaldsskólar munu jafnframt kynna námsframboð sitt, bæði verkefnt og bóklegt og mun starfsfólk skólanna sitja fyrir svörum varðandi spurningar um námsframboð og inntökuskilyrði.

Íslandsmót iðn- og verkgreina er viðburður sem haldinn er reglulega og stendur keppnin yfir í þrjá daga. Keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, fagmennsku og skipulagshæfileika. Dómarar fara yfir verkefnið að keppni lokinni, meta gæðin og velja þá sem skara fram úr í hverri grein. Tilgangur keppinnar er meðal annars að kynna og vekja áhuga grunnskólanema á

iðn- og verknámi og þeim fjölmörgu tækifærum sem nám í greinunum hefur upp á að bjóða. Gestir fá að snerta á og prófa hluti undir handleiðslu fagfólks í ýmsum greinum.



Unga fólk var ábugasamt og mætti vel í Kórinn 2014.

## Nú er rétti tíminn til að skreppa í sólina

### – Sælureitur Félags pípulagningameistara á Spáni!

Nú er rétti tíminn til að skella sér í sólina á Spáni. Félag pípulagningameistara hefur um nokkurra ára skeið átt glæsilega húseign í Torrevieja á Spáni. Nýlega er búið að taka alla eignina í gegn, lagfæra og endurnýja.

Húsið, sem er stórt og rúmgott er á tveimur hæðum. Á efri hæðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi. Á neðri hæðinni er eitt herbergi ásamt stofu og eldhúsi. Rúmgóðar þaksvallir eru á húsinu.

Gengið er beint úr íbúðinni út í skemmtilegan sundlaugargarð.

Fimm til sex manns geta með þægilegu móti gisti í húsinu.

Einfaldasta leiðin til að komast þangað er að fljúga beint til Alicante og keyra þaðan til Torrevieja.

Húsið leigist út í 2 vikur frá maí til september, en á öðrum tímum eftir nánara samkomulagi. Upplýsingar má fá á [www.piparinn.is](http://www.piparinn.is).

Burkni Aðalsteinsson hjá [spanarhus.is](http://spanarhus.is), sími: 861-3053, sér um leigu á húsinu.

Heimasíða er [www.spanarhus.is](http://www.spanarhus.is), <http://www.spanarfri.is/eign/skoda/60>.



Húsið er allt bíð glæsilegasta. Vel fer um fimm til sex manns þar í gistingu. Allur aðbúnaður í húsinu er til fyrirmyndar utandyra sem innan.

## Umhverfisvænn frostlögur

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

**FERNOX**  
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás

Heildsöludreifing  
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330  
[www.hringas.is](http://www.hringas.is)



# Reynir í þáttaröð á RÚV



Það var handagangur í öskjunni þegar ljósmyndara og tíðindamann Fréttþíps bar að garði í æfingahúsnæði Reynis Óskarssonar, Íslandsmeistara nema í pípulögnum og keppanda á EuroSkills í Svíþjóð nú í desember. Stór hópur tókuliðs og framleiðenda á vegum Saga Film er mættur í Skútahraunið til að taka viðtal við og kvikmynda Reyni.


Tílefnid er sex þátta sjónvarpsrísa sem Saga Film er að framleiða fyrir RÚV og fjallar um iðnmenntun og atvinnuönguleika ungs fólks því tengt. Var Reynir Óskarsson valinn sem einn viðmælenda í þættina. Meira getum við því miður ekki sagt. Þó má upplýsa að þáttaröðin verður sýnd á RÚV í febrúar eða mars 2017. Skemmst er frá því að segja að Reynir stóð sig með einstakri þrýði í tókunum, reyndar var eins og hann hefði ekki gert annað allt sitt líf. Pollrólegur og ekkert stress á okkar manni.



Á efri myndinni er verið að undirbúa upptökur í æfingabás Reynis í Skúta-brauninu. Á myndinni hér fyrir ofan er t.f.v.: Elín Sveinsdóttir, framleiðandi hjá Saga Film, Sigurlaug Sara Gunnlaugsdóttir, þáttastjórnandi hjá Saga Film, Reynir Óskarsson, Íslandsmeistari í pípulögnum, Steiney Skúladóttir, þáttastjórnandi hjá Saga Film, Kári Samúelsson, meistari Reynis og loks Arnór Arnarsson, leikstjóri hjá Saga Film.

# www.byggingarvorur.is

## - Nýr vefur Mannvirkjastofnunar í loftið



Mannvirkjastofnun setti nýjan vef í loftið, [www.byggingarvorur.is](http://www.byggingarvorur.is). Eins og nafnið bendir til er vefnum ætlað það hlutverk að kynna og gefa almennar upplýsingar um markaðssetningu og val á byggingarvörum, en um markaðssetningu á byggingarvörum gilda lög um byggingarvörur nr. 144/2014.

Ætlunin er að vefurinn geti þjónað jafnt framleiðendum, innflytjendum og dreifendum/söluaðilum byggingarvöru, ásamt því að vera þeim til leiðbeiningar sem ákveða notkun og sjá um val á byggingarvörum til mannvirkjagerðar. Þá er á vefnum fjallað í stuttu máli um þá aðferðarfræði sem liggur til grundvallar CE merkingu byggingarvara. Á vefnum er líka hægt að leggja inn fyrirspurnir. Einnig er á vefnum hægt að koma á framfæri ábendingum um ólöglegar byggingarvörur. Velkomin á [www.byggingarvorur.is](http://www.byggingarvorur.is).



Margra ára reynsla hefur mikið að segja.

Við svörum öllum ykkar spurningunum.

Hafðu samband!

[lagnadeild@byko.is](mailto:lagnadeild@byko.is), sími 515-4040.

HITABLÁSARAR MED STERKT ELEMENT ÚR STÁLI SEM POLIR HITAVEITUVATN.

SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW. | Vnr. 29500913-25



BYKO

# www.piparinn.is – Þar finnur þú alla félaga í Félagi pípulagningameistara



Félag pípulagningameistara heldur úti öflugri upplýsingaveitu á heimasíðu sinni, [www.piparinn.is](http://www.piparinn.is).

Þar er meðal annars að finna nöfn, símanúmer og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um félagsmenn og má þannig ná beinu sambandi við löggilta pípulagningameistara, sem eru reiðubúnir til þjónustu.

Á piparinn.is er einnig að finna nöfn og símanúmer allra stjórnarmanna félagsins. Þá er hægt að nálgast upplýsingar um það hverjir skipa helstu nefndir og ráð fyrir hönd félagsins.

Lög Félags pípulagningameistara er einnig að finna á síðunni.

Á piparinn.is eru líka ýmiskonar upplýsingar og fræðsluefni um hvað eina er snertir pípulagnir. Þar eru meðal annars spurningar og svör; þar sem svarað er ýmsum algengum spurningum varðandi pípulagnir.

Að lokum er full ástæða er til að hvetja neytendur sem þurfa á pípulagnavinnu að halda að skipta eingöngu við löggilta pípulagningameistara, það tryggir góð og fagleg vinnubrögð og ábyrgð á verkinu.

# SET

## Set ehf • Röraverksmiðja

Hitaveituefni • Vatnsveituefni • Fráveituefni  
Hlíððarrör • Snjóbræðslurör • Verkfæri

Styrkjum íslenskan iðnað

Eyравегur 41 • 800 Selfoss • Sími: 480 2700 • Netfang: [info@set.is](mailto:info@set.is)



**RADSON**   
áreiðanlegur hitagjafi

**°C LEVER** LÁGHITA  
MÍÐSTÖÐVAROFNAR

10  
100% QUALITY GUARANTEE

10 ára ábyrgð

Mest seldu ofnar  
á Norðurlöndum

**ÍSLEIFUR  
JÓNSSON**

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is

**PALLAR.IS**



Ál hjólapallar  
Veggjapallar  
Öryggisnet  
Veðurnet

Seljum Alex  
**altrex** tröppur  
og stiga

**BRIMRÁS** Leigjum út BRIMRÁSAR  
ÁLTRÖPPUR & STIGA

SALA  
LEIGA

**KVARNIR** Sími: 564 6070

ÁLFHELLU 9 - 221 HAFNARFIRÐI

► www.kvarnir.is ►

Heimspækt vörumerki hjá HAGA

**Honeywell**  
Safety products

Úrval af öryggisvörum: Öryggisskór – Eymatappar  
– Vinnuvettlingar – Öryggisgleraugu – Grímur

**Snickers**  
WORKWEAR

Vinnuföt fyrir alla fagmenn



Vinnuvettlingar  
í miklu úrvali fyrir  
allar faggreinar

**MILLER**

by Honeywell  
Fallvarnarbúnaður – Öryggisbúnaður

**HOWARD  
LEIGHT** 

Heyrnarhlífar  
með og án  
útvarps

**Timberland PRO**  
PRO SERIES  
Vinnuföt og öryggisskór



**HILTI**

HAGI ehf – HILTI á Íslandi  
Stórhöfði 37 - 110 Reykjavík - Sími 414 3700  
Fax 414 3720 - Póstfang: customerservice@hilti.is



Ný kynslóð varmaskipta fyrir  
upphitun og kælingu frá Danfoss

Veldu hagkvæmstu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™  
plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum  
upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga.  
Varmaskiptarnir eru fánlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir  
og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmstu lausnina fyrir þínar þarfir.

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og  
varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

ENGINEERING  
TOMORROW

**Danfoss**

**Símenntun í iðnaði**

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt  
námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÖF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
BÍLGREINASVIÐ  
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á IDAN.IS



**IDAN**  
fræðslusetur  
www.idan.is